

# Vísbendingar fyrir páskaeggja leit

Gott er þar að sitja og liggja.

Sælgæti og gos að þiggja.

(Sjónvarpssófi)

Gott að sitja, gott að snæða

Gott er þar að lesa og læra.

(Eldhúsbörð/stólar)

Gleypir gubb og stóra kúka

Ekki gott er þar að húka.

(Salerni)

Gott að sofa, gott að kúra

Gott er þar að lúlla og lúra.

(Rúm)

Vindur tustkur, vindur klæði.

Fötin verða aftur æði.

(Þvottavél)

Brunar vítt og brunar breitt

Eða brunar ekki neitt.

(Bíllinn)

Knúsar, strýkur, kyssir fingur.

Les og fyrir svefninn syngur

(Mamma)

Geymir penna, geymir blöð

Og kannski líka súkkulöð

(Skúffa/skápur eða annar staður þar sem ritföng eru geymd, páskaegg falið þar)

Það er hægt að stjórna þyngd ratleiksins mikið með því hversu vandlega hver vísbending er falin á hverjum stað. Það þarf að meta það miðað við aldur og þroska barnanna.

Fyrir börn sem ekki eru farin að lesa er tilvalið að gera einfaldan ratleik með myndum sem vísa á þann stað sem leita þarf á næst. Það má bæði teikna myndir eða finna á netinu og prenta út.

Góða skemmtun.